




Austurvegur 65 - 800 Selfoss

Sími 480 8250 – Myndsendingir 480 8201 – Netfang hs@sudurland.is – Kennitala 480284-0549

Anna S. Stefánsdóttir
v/ húsnæðisúttektar
Auðsholt 4
845 Flúðir



Selfossi, 10. júní 2013
1306029HS SG

Efni: Húsnæðisskoðun Auðsholti 4, Hrunamannahreppi

Að beiðni húseiganda, Önnu S. Stefánsdóttur, kt.140626-3339, fór Heilbrigðiseftirlit Suðurlands í húsnæðisúttekt í íbúðarhúsnæði að Auðsholti 4, Hrunamannahreppi þann 5. júní sl. Íbúar eru eldri hjón, eigendur hússins. Þau hafa átt við heilsufarsvandamál að stríða sem læknir þeirra telur að geti stafað af ástandi húsnæðis sem þau búi í.

Veður var þurrt, sólskin af og til og loftþiti um 15°C.

Um er að ræða tvílyft einbýlishús byggt 1952-3, hlaðið úr holsteini, bárujárnsklætt að utan og klætt með þilplötum að innan að hluta. Að sögn eigenda er grunnur undir húsinu lélegur, var hvorki var steypdur sökkull undir húsið né grafið niður á fast, einungis steypd plata án jarðvegsskiptingar. Húsið er með steyptan burðarvegg eftir endilöngu miðju húsinu, en hann hefur sigið niður (c.a. 1970), sprungið þversum eftir endilöngu en til að bjarga málum var steypd upp í og klætt beggja megin með þilplötum. Greinileg „brekka“ er í stofu. Húsið er óþétt að sögn íbúa og blæs inn. Mýs hafa komist undir klæðningu og upp á efri hæð.

Mælingar voru gerðar á staðnum á hita- og rakastigi:

- Vaskahús: Raki 48% Hitastig 29,0°C
- Þurr þvottur hékk á snúru og virðist allt þurrt að sjá þarna inni þrátt fyrir hátt rakastig sem mælt var.
- Efri hæð, herbergi hægra megin þegar upp stigann er komið:
- Raki 32% og Hitastig 28,7°C

Íbúar nota einkum jarðhæð hússins, þar er eldhús, stofa og svefnherbergi þeirra, ásamt baðherbergi og vaskahús er inn af forstofu. Á efri hæð eru þrjú herbergi sem eru notuð sem geymslur.

Gróinn garður er í kring. Nýleg rotþró er við húsið.



Eldhús er fullbúið tækjum til eldunar, ísskáp, vaski og með eldri innréttingu. Búr er inn af eldhúsi og þar er myglublettur sjáanlegur uppi við loft sem eigendur hafa reynt margsinnis að uppræta án árangurs. Borðstofa aðliggjandi eldhúsi. Á gangi milli eldhúss og forstofu eru merki um raka í vegg niðri við gólf. Stofa er í sér rými en þar er gólfið áberandi mishæðótt. Í svefnherbergi eru sprungur í útvegg. Baðherbergi er fullbúið tækjum, salerni, handlaug og sturtu, þar eru veggir klæddir með veggdúk, flísalagt gólf - ólykt. Gólf í þvottahúsi er krosssprungið og mishæðótt, en þar er þvottavél. Öll rýmin eru með gluggum með tvöföldu gleri og opnanlegum fögum.

Tekið hefur verið IAQ Pro- myglupróf, sem reyndist jákvætt.


Þrátt fyrir að húsnæðið sé hitað og loftræst er þar óskilgreint óloft. Húsnæðið hefur verið ágætlega við haldið, en er gamalt og hefur greinilega ekki verið nægilega vandað til við byggingu þess.


Almennt er viðurkennt að bein tengsl geti verið á milli raka í húsnæði og neikvæðra heilsufarsáhrifa. En þrátt fyrir margvíslegar rannsóknir hefur ekki verið sýnt fram á með óyggjandi hætti hvaða þættir í röku húsnæði valda neikvæmum heilsufarseinkennum og óþægindum. Hvort það er mygla, örverur, rokgjörn efni, ofnæmisvakar frá dýrum eða samspil þessara þátta er ekki vitað. Vitað er að sumar tegundir myglu geta myndað eitru við ákveðin skilyrði, en rannsóknir hafa sýnt fram á að til að það hafi áhrif á heilsu manna þarf magn myglugróa að vera margfalt á við það sem yfirleitt mælist innandyrá. Það er því meira í vísindaskyni sem ástæða er til að taka sýni, en sýnataka hefur alltaf í för með sér kostnað, sem gjarnan má spara.

Úttekt Heilbrigðiseftirlit Suðurlands byggist á 24. grein reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti þar sem segir m.a.: *„Heilbrigðisnefnd getur bannað afnot íbúðarhúsnæðis ef hún telur húsnæðið hættulegt heilsu íbúanna. Þar skal sérstaklega tekið tillit til velferðar barna, sjúklinga og aldraðra. Hús skulu vera meindýraheld sem og lagnir.“*

Með vísun í lög nr.7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti þá er mat Heilbrigðiseftirlits Suðurlands að búseta í húsnæðinu er heilsuspillandi. Einnig gerir embættið athugasemdir við húsnæðið og vistarverur þess að teknu tilliti til aldraðra.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,


Sigrún Guðmundsdóttir
heilbrigðisfulltrúi


Birgir Þórðarson
heilbrigðisfulltrúi

Afrit: Gylfi Haraldsson, yfirlæknir
Laugarási
netfang: gylfi@hsu.is